

Professional A7

Lofta- og veggjamálning

Efnislýsing

Professional A7 er vatnsþynnunleg akrýlmálning með mattri áferð. Hún er slitsterk, hrindir frá sér óhreinindum og er auðveld í þrifum. Hún hentar vel í rýmum með háu birtustigi, s.s. á nútímaheimilum, skrifstofum, fundaherbergjum, göngum og öðrum álíka almenningsrýmum. Professional A7 þekur einstaklega vel en hún er einmitt hönnuð fyrir kröfuharða fagmenn sem vilja góða þekju í aðeins tveimur umferðum við nýmálun.

Professional A7 hentar til notkunar innanhúss, m.a. á gifsplötur, múr og steypa fleti, ómálaða sem málaða.



Meðhöndlun

Nýmálun/nýbyggingar

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu, útfellingar og önnur óhreinindi. Ef flöturinn er duftsmítandi eða mjög gljúpur skal grunna með bindigrunninum Professional Microdispers, Grund+ eða Professional A5.
2. Sandspartlið og slípið eftir þörfum. Grunnið spartlið með Professional Microdispers, Grund+ eða Professional A5.
3. Málið 1-2 umferðir af Professional A7.

Endurmálun

1. Óhreina og málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt og vatni. Hreinsið lausa málningu af fletinum.
2. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað laust bundið undirlag, skal grunna með bindigrunninum Professional Microdispers.
3. Gljáandi fleti skal mattslípa og rykhreinsa og grunna eftir þörfum.
4. Málið 1-2 umferðir af Professional A7.

Heilsufars- og umhverfismál

Við slípun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Bindiefni: Akrýl

Gljástig: Matt 7%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst.

Yfirmálun: 2 klst.

Þvotteldni: Í samræmi við DIN EN 13300, flokk 1

Lágmarkshiti við málun: Minnst 5°C, mest 25° í lofti og undirlagi

Rakastig: 40-80%, kjörrakastig 65%

Þynning: Vatn, mest 10%

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 6-8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 10 lítra dósir

Stofnar: Staðlaðir hvítir, S0500-N, BW, BM og BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni: VOC (fl. A/a) 30 g/l (2010). Inniheldur mest 1 g/l VOC

Umhverfisvottanir

Professional A7 uppfyllir staðla Svansins (leyfi nr. 396-003), sem er umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org